Ed. **316. Frumvarp til laga**

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga úr ríkissjóði, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

6. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigustyrk.

7. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrki þá, sem greiða ber samkv. lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla, svo og á styrki til iðnskóla.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, sem þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er embættis- og starfsmönnum ríkisins þann tíma, sem skólarnir starfa.

8. gr.

Hámarksákvæði niðurlags 3. gr. gilda ekki um greiðslur samkvæmt 6. og 7. gr.

9. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 8 1941 og lög nr. 60 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum fjármálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði málsins. Frumvarpinu fylgdu svolátandi athugasemdir:

Frv. þetta er að öllu verulegu samhljóða gildandi lögum um verðlagsuppbætur, nr. 8 1941. Aðalbreytingin er sú, að samkvæmt frv. skal greiða verðlagsuppbætur á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, þó að undanskilinni húsaleigu eða húsaleigustyrk. Þykir breyting þessi, eins og á stendur, óhjákvæmileg, þar eð allur embættisrekstur er nú miklum mun dýrari en áður.

Að öðru leyti hefur frv. engar efnisbreytingar að geyma frá núgildandi lögum og framkvæmd þeirra.

Rétt þykir, fyrir samræmis sakir, að taka hér upp ákvæði laga nr. 60 1941 um verðlagsuppbætur á styrki til héraðsskóla, húsmæðraskóla og gagnfræðaskóla. Í framkvæmdinni hafa téð lög einnig náð til iðnskóla, og eru þeir þess vegna teknir upp í frv.

Þá er fellt niður hámarksákvæði 3. gr. laganna að því er snertir uppbætur á skrifstofufé, embættiskostnað og styrki til skóla.

Orðalag 7. gr. laganna hefur ekki þótt alls kostar ljóst, og er það því í 9. gr. frv. fært í skýrara form, niðurlag 7. gr. fellt burt, sbr. 2. mgr. 2. gr. Efnisbreytingu er hér enga um að ræða.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði laga þessara gildi frá 1. jan. 1942. Hins vegar þykir ekki ástæða til að takmarka gildi laganna fram í tímann, svo sem gert er í núgildandi lögum.